

A 1866/presidiet

Afgreiðsla Forsætisnefndin

Forsætisnefndin forsætisnefndarinnar um  
**þingmannatillögu**  
**um norrænt samstarf á sviði viðbúnaðar**

#### Tillaga

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð taki ákvörðun um  
að óska eftir árlegri skýrslu frá ráðherrum á sviði þjóðaröryggismála og almannavarna

#### Skýring

Flokkahópur miðjumanna lagði til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar  
að hún panti „Stoltenberg II“ -skýrslu með áherslu á bæði hervarnir og almannavarnir

Norðurlandaráð taki ákvörðun um  
að óska eftir árlegri skýrslu frá ráðherrum á sviði þjóðaröryggismála og almannavarna

*Slóð á þingmannatillöguna á norden.org:*

<https://www.norden.org/is/case/thingmannatillaga-um-norraent-samstarf-svidi-vidbunadar>

Þingmannatillagan var tekin til fyrstu afgreiðslu á fundi forsætisnefndar 13. apríl 2021. Stuðningur var við tillöguna.

#### Álit forsætisnefndar

Forsætisnefnd leggur áherslu á mikilvægi árlegrar greinargerðar frá annars vegar utanríkisráðherrunum og hins vegar varnarmálaráðherrunum. Vegna aukins mikilvægis norræns samstarfs á sviði þjóðaröryggisamála og almannavarna, væri mjög þýðingarmikið að Norðurlandaráð fengi einnig árlega greinargerð frá norrænum ráðherrum á sviði þjóðaröryggismála og almannavarna.



Norðurlöndum 28. júní 2021

*Bertel Haarder (V)*

*Erkki Tuomioja (sd)*

*Gunilla Carlsson (S)*

*Karin Gaardsted (S)*

*Martin Kolberg*

*Oddný G. Harðardóttir*

*Jouni Ovaska (cent)*

*Hans Wallmark (M)*

*Michael Tetzschner (H)*

*Wille Rydman (saml)*

*Christian Juhl (EL)*

*Steinunn Þóra Árnadóttir (VG)*

*Aron Emilsson (SD)*